

Markmið verkefnisins

DynaMAT er Comenius verkefni þar sem aðaláherslan er á kvika nálgun ýmsra stærðfræðilegra viðfangsefna sem henta nemendum á unglinga- og framhaldsskólastigi sem og verðandi kennurum. Notkun upplýsingatækni og kvikra forrita er hér í lykilhlutverki.

Markmið okkar er að búa til kennsluefni sem kynnt verður kennurum með vinnustofum og námskeiðum. Kennsluefnið á að sýna hvernig notkun upplýsingatækni getur ýtt undir sjónsköpun nemenda. Við viljum líka styðja við góða stærðfræðikennslu sem hjálpar nemendum að þróa innsæi þeirra og sköpunargáfu. Náttúruleg skref í því ferli eru sjónsköpun sem undanfari líkanagerðar og því næst vinna við hið stærðfræðilega verkefni.

Sú hugmynd að mörg verkefni í raunveruleikanum byggji á skilningi á stærðfræði og raunvísindum var þróuð í verkefninu 'Math2Earth' (www.math2earth.org). Við viljum útvíkka þessa hugmynd og halda áfram að þróa kennsluefni þar sem kostir nútímatækni eru notaðir í stærðfræðikennslu.